

NAUT 2026

Naut Nautastöðvar BÍ í notkun eftir keyrslu erfðamats í byrjun janúar 2026

Nafn og nr.	Mjólk	Fitu%	Prótein%	Afurðir	Prót.úth.	Frjósemi	BFA	BMA	Frumutala	Gæðaröð	Skrokkur	Boldýpt	Útlögur	Júgur	Júgurfesta	Júgurband	Júgurdýpt	Spenar	Sp.lengd	Sp.pykkt	Sp.staða	Mjaltir	Skap	Ending	Hæð	Heild
Meistari 23038	121	98	98	122	115	103	106	93	108	123	92	93	90	100	100	98	100	101	100	111	95	104	113	123	101	113
Draupnir 23040	124	100	100	125	108	104	97	100	103	130	97	100	96	106	105	120	103	103	112	86	114	110	119	137	100	116
Stjóri 23041	103	105	122	113	80	92	103	94	120	106	107	110	107	109	112	109	106	120	95	114	124	105	119	103	115	111
Bolli 24002	97	103	88	95	96	115	102	96	92	116	101	99	97	133	133	117	139	112	114	99	116	109	124	133	117	110
Valens 24003	127	102	107	132	97	103	99	119	85	106	94	89	90	113	117	112	110	98	105	116	99	115	116	105	105	115
Biggi 24004	118	94	97	117	109	95	109	101	108	129	102	100	101	112	112	107	114	122	110	94	130	122	130	121	103	116
Hálsi 24006	105	90	108	106	86	103	103	88	119	123	107	104	110	120	114	131	121	119	106	95	122	104	135	116	104	113
Sjafnar 24007	113	95	106	116	94	92	111	113	102	115	100	96	101	105	106	97	106	111	95	109	111	112	111	107	98	109
Oddi 24008	118	89	99	115	96	99	107	114	101	131	108	105	104	113	116	96	117	107	92	106	105	109	128	120	126	112
Alur 24009	118	97	104	119	104	101	107	128	104	120	114	117	112	107	104	106	109	117	104	105	114	111	124	107	112	113
Jöfur 24010	119	98	103	122	100	106	111	108	110	117	108	107	110	121	116	107	128	111	90	100	112	108	127	107	126	116
Kládíus 24011	114	102	100	118	108	101	99	98	105	119	88	85	80	103	101	118	100	95	123	84	113	124	122	118	100	112
Tumi 24014	111	104	123	122	101	99	108	106	109	118	81	78	74	105	105	117	102	96	102	90	94	110	118	107	103	112
Andi 24015	116	91	103	115	95	107	89	105	98	107	100	94	98	100	100	97	101	107	87	97	111	114	99	105	125	108
Versalur 24017	115	99	99	117	102	97	106	99	105	122	89	96	88	116	123	109	113	114	98	83	123	113	126	123	104	115
Nemó 24018	111	102	94	109	102	110	106	123	124	114	94	87	90	132	133	122	133	109	100	121	114	115	119	134	101	116

Nýtt ár heilsar með nýjum nautum

Nýja árið heilsar með átta nýjum nautum í notkun og á sama tíma fara níu naut úr dreifingu. Nautin sem koma til notkunar nú eru öll fædd á árinu 2024 og hafa því ekki enn náð tveggja ára aldri. Hér á eftir fer ég nokkrum orðum um þessi naut sem eru firnasterk, með heildareinkunn frá 108 upp í 116.



Guðmundur Jóhannesson.

Sjafnar 24007 frá Syðri-Bægisá í Öxnadal, sonur Billa 20009 og Sjafnar 901 Knattardóttur 16006. Rauðbrandskjöldóttur, kollóttur. Erfðamat Sjafnars segir að dætur hans verði mjólkurlagnar kýr með hlutfall verðefna í mjólk um meðallag. Þetta ættu að verða meðalkýr að stærð, í meðallagi háfættar með prýðilega júgurgerð. Spenar nokkuð hæfilega langir, eilítið þykkir og vel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið gott. Sjafnar er arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 109.

Oddi 24008 frá Hólmahjáleigu í Landeyjum, undan Hengli 20014 og Oddu 1707 Piparsdóttur 12007. Rauðbrandskjöldóttur, kollóttur. Erfðamat Odda gefur til kynna að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk um eða undir meðallagi. Þetta ættu verða fremur bolmiklar og ákaflega háfættar kýr með góða júgurgerð, vel borin júgur með mikla festu og meðalgott júgurband. Spenar aðeins langir og þykkir og vel settir. Mjaltir góðar og skapið frábært. Oddi er arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 112.



Sjafnar 24007 frá Syðri-Bægisá í Öxnadal.



Oddi 24008 frá Hólmahjáleigu í Landeyjum.

Alur 24009 frá Dæli í Fnjóskadal, undan Pinna 21029 og 1306 Knattardóttur 16006. Dökkkolsökkóttur, kollóttur. Erfðamat Als segir að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutfall verðefna í mjólk um meðallag. Þetta ættu að verða mjög bolmiklar og háfættar kýr með góða júgurgerð. Spenar hæfilegir að lengd og þykkt og vel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið frábært. Alur er arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 113.

Jöfur 24010 frá Káranesi í Kjós, undan Skálða 19036 og Stöku 1006 Jötunsdóttur 17026. Brandskjöldóttur, kollóttur. Erfðamat Jöfurs gefur til kynna að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk um meðallag. Þetta ættu verða fremur bolmiklar og ákaflega háfættar kýr með góða júgurgerð, vel borin júgur með mikla festu og gott júgurband. Spenar aðeins langir, hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir góðar og skapið frábært. Jöfur er arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 116.

Vesturröst

FRÍ SENDING

OLYMPIA
MERINO ULLARFÖT

KR 7.890

KR. 6.990

EXCAPE
QUILTED JAKKI

KR. 14.900

RAFHITAVESTI
Á KONUR
OG KALLA

KR. 21.790 -
28.900

VESTURROST.IS

S. 5516770

LAUGAVEGUR 178, 105 REYKJAVÍK.



Alur 24009 frá Dæli í Fnjóskadal.



Jöfur 24010 frá Káranesi í Kjós.



Tumi 24014 frá Káranesi í Kjós.



Andi 24015 frá Brúnastöðum í Flóa.

Tumi 24014 frá Káranesi í Kjós, undan Garpi 20044 og Hildi 1222 Knattardóttur 16006. Rauðbrandskjöldóttur, kollóttur. Erfðamat Tuma segir að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk yfir meðallagi og hlutfall próteins mjög hátt. Þetta ættu að verða bolléttar og meðalháfættar kýr með góða júgurgerð, júgurband sérstaklega áberandi. Spenar hæfilegir að lengd, aðeins grannir og eilítið gleitt settir. Mjaltir góðar og skapið mjög gott. Tumi er arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 112.

Andi 24015 frá Brúnastöðum í Flóa, undan Ægi 22010 og Krukku 1237 Kunningjadóttur 11002. Dökkollsokkóttur með hvítt í huppum, hnýflóttur. Erfðamat Anda gefur til kynna að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk undir meðallagi en

hlutfall próteins í góðu meðallagi. Þetta ættu verða í meðallagi bolmíklar og ákaflega háfættar kýr með meðalgóða júgurgerð. Spenar aðeins langir, hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið meðalgott. Getur gefið hyrnt, arfblendinn. Heildareinkunn 108.

Versalur 24017 frá Göngustöðum í Svarfaðardal, undan Garpi 20044 og Nancy 719 Piparsdóttur 12007. Dökkbrandskjöldóttur með blesu og hvíta krúnu, kollóttur. Erfðamat Versals segir að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk um meðallag. Þetta ættu að verða frekar bolléttar og meðalháfættar kýr með mjög góða júgurgerð, vel borin júgur með mikla festu. Spenar hæfilegir að lengd, nokkuð grannir og ákaflega vel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið úrvalsgott. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 115.



Versalur 24017 frá Göngustöðum í Svarfaðardal.



Nemó 24018 frá Hvanneyri í Andakíl.

Nemó 24018 frá Hvanneyri í Andakíl, undan Banana 20017 og Eyrarrós 2126 Hælsdóttur 14008. Dökkbrandskjöldóttur með hvítt í enni og mjóa blesu, kollóttur. Erfðamat Nemós gefur til kynna að dætur hans verði mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk um meðallag en hlutfall próteins undir meðallagi. Þetta ættu verða fremur bolléttar og meðalháfættar kýr með stórgóða júgurgerð, vel borin júgur með mikla festu og greinilegt

júgurband. Spenar hæfilegir að lengd, þykkir og vel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið sömuleiðis. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 116.

Af þessum átta nýju nautum stendur kyngreint sæði, X-sæði sem gefur kvígur, til boða úr Sjafnari 24007, Odda 24008, Al 24009, Jöfri 24010, Tuma 24014, Versal 24017 og Nemó 24018 og Spermvital-sæði er til úr Odda 24008, Al 24009 og Jöfri 24010.

Á sama tíma og framangreind naut koma til notkunar fara Smali 23024, Brími 23025, Brúsi 23026, Kuldi 23027, Snær 23028, Flóki 23031, Markaður 23034, Farsæll 23035 og Hrollur 24005 úr dreifingu þó svo enn verði þeir til í kútum hjá einhverjum frjótæknum um hríð.

Þau naut sem áfram verða í notkun eru Meistari 23038, Draupnir 23040, Stjóri 23041, Bolli 24002, Valens 24003, Biggi 24004 og Hálsi 24006.

Dreifing þessara nýju nauta mun taka nokkrar vikur í það heila, allt eftir því hvernig stendur á útsendingu sæðis til frjótækna. Þannig er þetta sæði nú þegar komið í notkun á Vesturlandi, sunnanverðum Vestfjörðum, hluta Húnaþings (svæði Gunnars), í Eyjafirði og S-Þing., A-Skaft. og Suðurlandi öllu, frá Lómagnúpi í austri og Hellisheiði í vestri. Í síðustu viku janúar koma þessir nýju kappar í kúta frjótækna á norðanverðum Vestfjörðum, svæði Ólafs í Húnaþingi, Skagafirði, Vopnafirði og svæði Gsts á Austurlandi. Lokahnykkurinn verður svo í fyrri hluta febrúar þegar fyllt verður á kúta Gísla í Húnaþingi og Rune á Austurlandi. Hægt er að fylgjast með hvenær fyllt er á kúta frjótækna í Huppu, þar sem farið er í skýrslur og sæðisáfylling hjá frjótæknum. Þar er svo viðkomandi frjótæknir valinn og þá kemur listi með þeim nautum sem send voru til áfyllingar. Dags. sem fram kemur er sendingardags. frá Hesti þannig að einhverjir dagar líða þar til sæðið er komið á áfangastað.

Í FANG-appinu er listinn með nautum í notkun uppfærður miðað við þessa breytingu. Það þýðir að vilji menn panta önnur naut en fram koma á listanum þarf að leita að nautinu og velja það þannig þar sem það birtist ekki sjálfgefið á listanum. Þetta á t.d. við um þau svæði þar sem nautin eru ekki komin í notkun.

Ég óska ykkur svo gleðilegs nýs árs með þökkum fyrir góð samskipti og samstarf á nýliðnu ári.

Höfundur er ábyrgðarmaður í nautgriparækt hjá RML.



Landbótasjóður Lands og skógar: Auglýsing um styrki 2026

Árlega úthlutar Landbótasjóður Lands og skógar styrkjum til að styðja félagasamtök, bændur, sveitarfélög og aðra umráðahafa lands við verndun og endurheimt gróðurs og jarðvegs. Áratugurinn 2021 til 2030 er tileinkaður endurheimt vistkerfa og er fólk eindregið hvatt til þátttöku.

Land og skógur veitir ráðgjöf um framkvæmd þeirra verkefna sem sjóðurinn styrkir, hefur eftirlit með framvindu þeirra og metur árangur.

Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar 2026.

Umsóknarform og reglur sjóðsins má finna á vef Lands og skógar, www.landogskogur.is. Einnig má fá nánari upplýsingar og ráðgjöf um sjóðinn hjá héraðsfulltrúum stofnunarinnar um land allt.



Land og skógur